

Samruni Gröfu og grjóts ehf. og Steingarðs ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Gröfu og grjóts ehf. og Steingarðs ehf. Í viðskiptunum felst að Grafa og grjót kaupir allt hlutafé Steingarðs og mun því fara með yfirráð yfir félaginu í kjölfar viðskiptanna. Grafa og grjót er undir yfirráðum félagsins AU 5 ehf. sem er í eigu framtakssjóðsins Umbreytingar.¹ Bæði Grafa og grjót og Steingarður eru verktakafyrirtæki sem starfa fyrst og fremst við ýmsa jarðvegsvinnu í tengslum við framkvæmdir.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 14. mars 2022. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar því að líða 15. mars 2022. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði og opinberra gagna.
3. Samrunaaðilar og starfsemi þeirra er eftirfarandi:
 - a) Grafa og grjót var stofnað árið 2002. Starfsemi Gröfu og grjóts felst fyrst og fremst í hvers kyns jarðvegsvinnu og framkvæmdum. Grafa og grjót fer ekki með yfirráð í neinum félögum.

Líkt og áður sagði er Grafa og grjót undir yfirráðum AU 5 ehf. sem er í eigu framtakssjóðsins Umbreytingar. Félagið Alfa Framtak er rekstraraðili Umbreytingar. Sjóðir undir yfirráðum Alfa Framtaks fara með yfirráð í eftirfarandi rekstrarfélögum: Borgarplasti, Málmsteypu Þorgríms Jónssonar og Greiðslumiðlun Íslands sem á meðal annars dótturfélagið Motus. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2021, *Kaup AU 5 ehf. á 60% hlut í Gröfu og grjóti ehf.*, er nánar fjallað um félög sem sjóðir í stýringu Alfa framtaks eiga eignarhluti í.
 - b) Steingarður var stofnaður árið 2006 af Ellerti Jónssyni, sem hefur verið framkvæmdastjóri og eigandi félagsins. Starfsemi Steingarðs felst fyrst og fremst í hverskyns jarðvegsvinnu og framkvæmdum. Meðal helstu verkefna fyrirtækisins á undanförunum árum hefur verið aðkoma að ýmiskonar lagnaframkvæmdum og snjómokstur.
4. Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að bæði Grafa og grjót og Steingarður starfi á byggingarmarkaði og mögulegum undirmörkuðum hans, s.s. markaði fyrir jarðvegsvinnu. Að mati samrunaaðila mun samruninn ekki hafa teljandi samkeppnisleg áhrif en með samrunanum auki Grafa og grjót óverulega við markaðshlutdeild sína.
5. Hvað varðar aðgangshindranir telja samrunaaðilar að markaðurinn sé opinn og aðgangshindranir takmarkaðar. Í raun felast einu aðgangshindranirnar í aðgang að fjármagni til kaupa á tækjum og að einhverju marki í verkreynslu, sem er jafnan sett sem skilyrði í útboðum. Í því samhengi telja samrunaaðilar þó rétt að nefna að við útboð er alla jafnan heimilt að byggja á verkreynslu annarra, sbr. til hliðsjónar 76. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup. Samrunaaðilar telja því að litlar sem engar aðgangshindranir vera fyrir hendi.

¹ Fjallað var um samruna AU 5 ehf. og Gröfu og grjóts í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2021.



6. Samkeppniseftirlitið fellst á það með samrunaaðilum að ekki séu vísbendingar um að aðilar málsins hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif óveruleg enda velta Steingarðs á markaðnum takmörkuð. Þá er sú skörun sem er á milli Gröfu og grjóts, Steingarðs og Málmsteypu Þorgríms Jónssonar sem er í eigu framtakssjóðsins AU 3 takmörkuð, sbr. umfjöllun í áður nefndri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2021.
7. Eftir að hafa athugað þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til þess að grípa til íhlutunar vegna samrunans.

Ákvörðunarorð

„Kaup Gröfu og grjóts ehf. á öllu hlutafé Steingarðs ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson